

LISTIR

Ásgerði Búadóttur ur svarað

ÉG ÞAKKA óvænt tilskrif á opinberum vettvangi, þótt fýsilegri hefðu verið á öðrum og ljúflegri nótum. En slíkum bréfum ber að svara og helst með hraði og áður en hinn almenni lesandi hefur velt sér full mikið upp úr hinum meintu ávirðingum rýnisins.

1) Hann stendur fast við skrif sín um handíðir, „sem á myrkum öldum héldu uppi listrænum eiginleikum meðal íslensku þjóðarinnar“. Handíðir skilgreinast samkvæmt orðabókinni sem (listrænn) iðnaður unnin í höndunum og var til meðal þjóðarinnar frá fyrstu tíð, allt frá ritlist á vopn og verjur í almennan útskurð og handsaum. Og þó ytra byrði veggteppis sé skreytt ísaumi er undirstaðan ofin og vefurinn því nærtækur. Uppsáttarþætur nefna þetta gjarnan vegg(mynd)teppi, en sjálfsagt hefði verið hægt að nota annað orðalag sem síður væri mögulegt að snúa út úr.

2) Þegar það er orðað svo, að fortíðin sé ræktuð með mikilli samvisku, er að sjálfsögðu átt við traust og öguð vinnubrögð og það er mitt álit að nútímavefnaður á borð við Ásgerðar Búadóttur, sæki rætur sínar og grunn í hefð fortíðar, því annars væri hann einfaldlega ekki til.

3) Bayaux refillinn er vissulega með útsaumi á ytri byrði á þann veg að myndirnar á honum „eru saumaðar með ullarþræði á ofinn og bleiktan línstranga“. Þráðurinn og vefurinn er því alltaf nærri sem grunneiningar heildarinnar.

4) Loks tók ég dæmi af einu teppi myndraðarinnar í Cluny safninu nákvæmlega eins og heimildir mínar og því til sönnunar birti ég mynd af þessu teppi með textanum óbreyttum, þannig að menn geti séð svart á hvítu að hér var rétt farið með heimildir. Hef margoft og löngum stundum dáðst að öllum teppunum í beinu sjónmáli, en vísaði einungis til



BILDETEPPICH: Das Gehör, Szene aus der Teppichfolge, La Dame à la Licorne, 1480-1500. 370x290 cm. Paris, Musée de Cluny.

eins. – Fullmikið telst Ásgerður taka upp í sig með því að halda því fram, að „allur nútímavefnaður, sem og minn, er ekki sprottinn upp úr hefð fortíðar, heldur af nákvæmlega sömu forsendum og önnur myndlist á þessari öld“.

Rétt er það að sjálfri myndrænni túlkunarhefðinni hafi verið umbylt, en svo flett sé upp í íslensku alfræðibókinni, stendur þar orðrétt: „Þannig var ofið á Ísl. frá landnámi og fram á 18. öld, í s.n. kljástevavefstað.“ Þessu fylgir svo mynd af Baldisholtteppinu frá Baldisholtarkirkju í Heiðmörk í Noregi, ofið um 1180!

Þá tel ég núlistir sækja drjúgt til hefðarinnar og grunnmál og grunnform vera mikið til þau sömu, þótt

hrist hafi verið hressilega upp í sjálfri hugmyndafræði útfærslunnar. Gullna sniðið heldur fullu gildi sínu í uppbyggingu myndheildar þótt forsendur fyrir notkun þess hafi breyst, eins og teningur, kúla og keila halda sinni reisu. Af framanskraðu hlýtt ég að hafa eitthvað til míns máls, þó Ásgerður hafi myndað sér sérskoðanir um nútíma myndvafnað, sem sprottinn er upp af engu og með alveg sértækar eigindir, – hafni um leið þeirri grunntækni sem hún sjálf notast við. Að sjálfsögðu er endalaust hægt að þrasa og snúa út úr varðandi þessi mál, en sú tegund rökfræði er síður minn vettvangur.

Virðingarfyllt,

Bragi Ásgeirsson

Meira um Beinagrindina

BÓKMENNTIR

Barnabók

SYNGJANDI BEINAGRIND

eftir Sigrúnu Eldjárn. Forlagið, 1994
- 90 síður.

FYRIR síðustu jól kynntumst við skemmtilegu leynifélagi sem hét því frumlega nafni Beinagrindin. Þetta er Reykjavíkursaga úr nútímanum og sögu-sviðið Spógata. Söguhetjurnar eru krakkar á mismunandi aldri. Ásgeir og frænka hans Birna eru tíu ára og í leynifélaginu eru líka systkinin Kolbeinn, kallaður Beini, og Gunnhildur Salvör, sem kölluð er Gusa



Sigrún Eldjárn

eftir fyrstu tveim stöfunum úr nöfnum hennar. Beini er reyndar bráðum fjórtán ára með pönkraútlit en strákunum í bekknum finnst hann dálítið hallærislegur að vilja leika sér við smábörn. Frumleg eru líka leyninöfn krakka-anna sem sótt eru í erfiða kafla í líffræðinni en það eru nöfn á beinum í fót- og handleggjum. Strákarnir kalla sig sköflung og dálk en stelpurnar öln og spíru.

Fullorðna fólkið í sögunni er heldur óvenjulegt svo sem gamli Broddi sem er með alla brodda úti og skammast út í allt og alla, nornin sem ekki er nein venjuleg norn, vísindamaðurinn sem er svo utan við sig að hann gleymir jafnvel sínu eigin barni, skáldið sem

er orðinn leiður á að vera alvarlegur, að ekki sé talað um óvænta óþokka sem búa um sig í kjallaranum.

Í upphafi sögunnar er vandamál komið upp í leynifélaginu. Beinagrindin er ekki eins spennandi og áður og verkefnið vantar. En ekki líður á löngu þar til miklir atburðir fara að gerast. Framið er mannrán, glæpamenn gera sig heimakomna í húsinu þeirra og Rokkópera er undirbúin. Bruggarar leika lausum hala og þá kemur dulmálið þeirra í góðar þarfir þegar koma þarf nauðsynlegum tilkynningum til lögreglunnar sem treystir á að börnin sjái um að umhverfið sé hreint og til sóma.

Eins og í fyrri bókum Sigrúnar lætur henni vel að láta ekki útlit og innræti fylgjast að. Pönkarinn er í raun alls ekki neitt skelfilegur og notar gervið til að vernda sjálfan sig gegn hugsanlegum óvinum. Töfvararnir eru líka bestu skinn og eru bara að reyna að vera kaldir með því að reykja en í raun finnst þeim það vont. Fallegi maðurinn sem er svo góður við Gusu reynist úlfur í sauðargæru.

Myndir Sigrúnar eru líflegar og gefa sögunni mikið gildi. Í þeim er hreyfing og þær falla vel að textanum. Þessi saga um krakka-ana í Spógötu og uppátæki þeirra er glettin og fjörug og krakkarnir hressir og eðlilegir með hugmyndaflugið í góðu lagi.

Sigrún Klara Hannesdóttir

Nýjar bækur

● DÁSAMLEG veiðidella er ný veiðibók eftir **Eggert Skúlason** fréttamann. Eggert hefur skráð í þessa bók tólf veiðisögur byggðar á samtölum við menn sem upplifðu atburðina. Sögunar eru úr ýmsum áttum. Stangaveiði og skotveiði koma jöfnum höndum við sögu. Lax, silungur, refur, gæs, selur, rjúpa og minkur.

Útgefandi er Hörpuútgáfan. Bókin er 151 bls. í stóru broti prýdd miklum fjölda ljósmynda, sem Gunnar Bender hafði umsjón með. Prentvinnsla var í höndum Odda hf. Verð 2.980 kr.

● Þegar sálin sér ný unglingskaldsaga **Þóreyjar Friðbjörnsdóttur**, er komin út. Þetta er önnur skaldsaga **Þóreyjar**, en hin fyrsta, **Aldrei aftur**, kom út í fyrra. Þórey er enskukennari að mennt og hefur þýtt fjölda bóka hin síðari ár.

Í kynningu útgefanda segir: „Þegar sálin sér er dulræn saga og kynngimögnum. Hún segir frá Auði, stúlkunni sem sá það sem öðrum var hulið. Systir hennar hverfur eins og jörðin hafi gleyp hana og enginn fær ráðið gátuna um afdrif hennar. Nema Auður...“

Útgefandi er Jöklaútgáfan. Kápu gerði Auglýsingastofa Reykjavíkur. Bókin er prentuð í Borgarprenti hf. Hún er 150 bls. að lengd og kostar 1.995 krónur.



Þórey Friðbjörnsdóttir.



SÝNINGU Leikfélags Reykjavíkur Hvað um Leonardo? hefur verið boðið að koma á leiklistarhátíð í Ljubljana í mars nk.

Leikfélag Reykjavíkur

Boð á leiklistarhátíð í Slóveníu

SÝNINGU Leikfélags Reykjavíkur Hvað um Leonardo? eftir Evald Flisar hefur verið boðið að koma á leiklistarhátíð í Ljubljana í mars næstkomandi.


Leikritið gerist á heimili fyrir fólki með taugalegar truflanir og vekur upp margar spurningar, en er jafnframt bráðfynið. Sýning fékk ágæta dóma gagnrýnanda, ekki síst sjúklingahópurinn, sem er, ef svo má að orði komast, eðlilega óeðlilegur.

Leikstjóri er Hallmar Sigurðsson, leikmynd gerði Axel Hallkell Jóhannesson, búninga Aðalheiður Alfreðsdóttir, lýsingu annaðist Elfar Bjarnason. Í hlutverkum eru Ari Matthías-

son, Bessi Bjarnason, Guðlaug E. Ólafsdóttir, Magnús Ólafsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, María Sigurðardóttir, Pétur Einarsson, Soffía Jakobsdóttir, Valgerður Dan, Vigdís Gunnarsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson og Þór Tulinius.

Af þessum hópi verður ótvírætt að telja Martin, hlutverk Þorsteins, stærst, en það krefst óhemju færni og verður að telja þetta eitt af stærstu hlutverkum sem Þorsteinn hefur tekist á við hjá Leikfélagi Reykjavíkur.

Sýningum lýkur fyrir jól og er síðasta sýningin föstudaginn 2. desember.



HILMAR, Pétur og Matthías koma fram á háskólatónleikum í Norræna húsinu á morgun.

„Frjáls tónlist“ á Háskóla- tónleikum

Á HÁSKÓLATÓNLEIKUM á morgun, miðvikudaginn 23. nóvember koma fram þeir Hilmar Jensson gítarleikari, Pétur Grétarsson víbrafón- og slagverksleikari og Matthías Hemstock slagverksleikari. Tónleikarnir eru haldnir í Norræna húsinu og hefjast kl. 12.30.

Í kynningu segir: „Tríóið mun leika það sem kalla mætti frjálsa tónlist, en útgangspunkturinn er ákveðinn hugmyndarammi eftir Hilmar Jensson er nefnist Traust 1–V. Ramminn er rúð fyrir mæla, sem snarstefjað er út frá og heiti hans skirskotar til þess trausts sem flytjendur þurfa að bera til ófyrirsjáanlegrar framvindu verkans.“

Aðgangseyrir á tónleikana er 300 krónur en frítt fyrir handhafa stúdentaskirteinis.

Hauströurnar eru komnar

Ceres

Dragtir, kjólar, blússur og pils. Ódýr náttfatnaður

Nýbýlavegi 12. sími 44433



Sjáðu hlutina í víðara samhengi!

– kjarni málsins!